



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

13. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í kaffistofunni í Félagsheimilinu að Borg 11. september 2023 klukkan 18:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

#### 1. Samantekt á starfinu síðastliðin vetur

*Rætt um það sem gert var síðasta vetur og hvað má bæta.*

*Afmæli hreppsins tókst vel að flestu leyti. Fyrir næsta afmæli er gott að hafa starfsmenn hreppsins með í framkvæmdinni.*

*17. júní tókst vel og samstarfið við Sólheima var ánægjulegt. Nefndarmönnum þótti helst til of mikil vinna á nefndinni fyrir þennan dag. Formaður nefndarinnar mun óska eftir skýrari ramma varðandi utanumhald og greiðslur fyrir þessa vinnu. Gaman væri ef sveitastjórn væri sýnilegri á hátíðarhöldunum.*

*Nefndin ætlar að endurskoða inni dagskránnu á 17. júní með það að markmiðið að stytta hana.*

#### 2. Verkefni atvinnu- og menningarnefndar í vetur 2023/24

*17. júní – stefnt er á að halda 17. júní 2024 á Borg. Skipulagið verður rætt síðar.*

##### **Borg í Sveit**

*Nefndin er sammála um að ef endurvekja á Borg í Sveit þá þarf að fá starfsmann í lið við nefndina til að vinna að því. Í fundargerðum fyrri nefnda er talað um nauðsyn þess að fá starfsmann í til að vinna að Borg í Sveit með nefndinni.*

*Athuga þarf hvort að sveitarfélagið vilji nota þennan dag til markaðssetningar á sveitarfélaginu. Að mati nefndarinnar þá hentar byrjun júní ekki sem dagsetning þar sem það stangast á við aðra viðburði í sveitarfélaginu.*

*Athugað verður hjá Kvenfélagi Grímsneshrepps hvort það hafi hug á samstarfi með Grímsævintýri og Borg í Sveit.*



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### ***Þjónustudagatal Grímsnes- og Grafningshrepps.***

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að þjónustudagatalið verði endurvakið fyrir árið 2024. Ef samþykki fæst þá þyrfti hefja vinnu við það hratt og auglýsa það í Hvatarblaðinu í október. Nefndin leggur til að halda áfram samstarfi við grafíska hönnuðinn sem sá um það síðast.*

*Nefndin ætlar að kynna sér **aðkomu sveitafélagsins að þeim söfnum sem við tengjumst:** Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafnið.*

*Verkefni tengd atvinnumálum á þessu vetri eru til dæmis*

- *Atvinna með stuðningi hjá sveitarfélaginu*
- *Móttaka nýrra íbúa*
- *Leiðrétting á póstnúmerinu 805*

*Vinna þarf að erindisbréfi nefndarinnar.*

### **3. Fjárhagsáætlun 2024**

*Nefndin ætlar að kalla eftir gögnum varðandi endanlegan kostnað við viðburði síðasta starfsárs.*

### **4. Fundartímar**

*9. október kl 18:00 – 19:30*

*6. nóvember kl 18:00 – 19:30*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:30